Blönduósbær

Öldungaráð Blönduósbæjar - 2. fundur

haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 28. janúar 2016

og hófst kl. 16:30

Fundinn sátu:
Anna Margrét Jónsdóttir formaður
Bóthildur Halldórsdóttir aðalmaður
Ragnheiður Þorsteinsdóttir varamaður

Fundargerð ritaði: Anna Margrét Jónsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. **Málefni aldraðra á Blönduósi - 1601025**

Rætt var um að koma þurfi upp aðstöðu fyrir eldri borgara til tómstundaiðju sem ekki passar inn í aðstöðuna sem fyrir er í Hnitbjörgum. Þar er verið að hugsa um t.a.m. minni háttar smíðavinnu, hugsanlega bókband og e.t.v. eitthvað fleira. Upp komu hugmyndir um húsnæði Kvennaskólans í Lönguvitleysu eða Vísishúsið. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að hlutast til um að finna húsnæði fyrir slíka aðstöðu.

Rætt var um að koma þyrfti á skipulögðum sætaferðum fyrir eldri borgara innan sveitarfélagsins. Sumir einstaklingar eiga ekki hægt um að komast í búð, apótek, banka o.fl. Myndi það auðvelda þeim mikið ef í boði væru ferðir á ákveðnum tímum einhverja daga í viku sem þeir gætu nýtt sér. Sama gildir um viðburði í sveitarfélaginu eða nágrenni, t.d. messur. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að beita sér fyrir því að slíku verði komið í kring, hvort sem það verður á vegum sveitarfélagsins eða annarra félagasamtaka t.d. Rauða krossins. Öldungaráð gæti tilnefnt tengilið sem síðan gæti haft samband við þá sem tilbúnir væru að taka að sér slíkan akstur.

Nefndin óskar eftir því að fá upplýsingar um hvers konar liðveisla er í boði fyrir fatlaða eldri borgara í sveitarfélaginu.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að auka upplýsingaflæði til íbúa sveitarfélagsins. Nefndin leggur til að sveitarfélagið gefi út fréttabréf mánaðarlega með umfjöllun um það sem um er að vera á vegum þess. Einnig mætti birta fleiri fréttir á heimasíðu sveitarfélagsins.

Rætt var um að auka mætti samstarf grunnskólans við eldri borgara, t.d. að fá grunnskólanema til að kenna eldri borgurum á tölvur o.fl.

Ákveðið var að Öldungaráð myndi setja sig í samband við Rauða krossinn og ræða hvaða verkefnum hægt sé að koma á fót milli þeirra og eldri borgara.

Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós
Sími 455 4700
blonduos.is

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20

Anna Margrét Jónsdóttir	Bóthildur Halldórsdóttir
Ragnheiður Þorsteinsdóttir	

Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós
Sími 455 4700

blonduos.is